

Davíð Á. Gunnarsson, vélaverkfræðingur, lauk prófi í vélaverkfræði frá KTH í Stokkhólmi árið 1969 og í rekstrarhagfræði frá Stockholms Universitet árið 1971 og stjórnsýslufræði frá sama skóla árið 1972. Hann lauk framhaldsnámi í spítalaverkfræði -Medicinsk teknik frá KTH, auk ýmissa námskeiða og starfsþjálfunar í heilbrigðisverkfræði og skyldum greinum.

Davíð starfaði í Svíþjóð hjá IBM og SPRI en heim kominn tók hann við stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra Ríkisspítala árið 1973, framkvæmdastjórastöðu 1979 og varð forstjóri árið 1980. Hann var aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1984-1985 og ráðuneytisstjóri í sama ráðuneyti 1995-2007.

Davíð var kosinn í fastanefnd Evrópusvæðis Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar frá 1997-2000. Hann var kjörinn í aðalstjórn stofnunarinnar frá 2003-2006 og sem stjórnarformaður hennar 2004-2005. Stofnunin er ein mikilvægsta stofnun Sameinuðu þjóðanna.

Aðkoma Davíðs að störfum í æðstu embættum heilbrigðismála á heimsvísu er ekki einungis sérstök fyrir þær sakir að hann er Íslendingur. Hann er jafnframt verkfræðingur og steig sem slíkur inn á svið sem lengst af hafði verið vettvangur lækna og heilbrigðisstarfsfólks. Þar kom sér vel að búa að góðri og viðtækri menntun og starfsreynslu innan heilbrigðisgreina, hagfræði og að sjálfsgöðu stærðfræði og tölfræði. Það styrkti stöðu hans í alþjóðlegu starfi. Davíð vakti ávallt athygli á að hann væri verkfræðingur og hve gagnlegt nám í verkfræði væri.

Í baráttunni við sjúkdóma í fátækum löndum þarf að leiða saman fólk með margvíslega sérþekkingu. Þar gegnir verkfræðin lykilhlutverki við að byggja upp innviði. Í þróaðri löndum byggir heilbrigðiskerfið á hátæknibúnaði sem verkfræðingar hanna.

Davíð hefur setið í fjölmörgum stjórnunum á Íslandi og erlendis, starfað fyrir Verkfræðingafélag Íslands og meðal annars verið formaður Merkisnefndar félagsins.

Af störfum og reynslu Davíðs Á. Gunnarssonar má draga margvíslegan lærdóm, hvort sem er á sviði heilbrigðismála, í alþjóðlegum samskiptum, eða við lausn mála þar sem reynir á mannlega samskiptahæfni.

Störf Davíðs Á. Gunnarssonar eru ungum verkfræðingum hvatning og til marks um þann góða grunn sem verkfræðinámi er fyrir starfsferil í fremstu röð.